

Alþingi  
Velferðarnefnd

Reykjavík, 17. október 2024  
Tilvísun: 2024091446/P.S.

### Efni: Umsögn um frumvarp til nýrra sóttvarnalaga

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 25. september 2024 um umsögn um frumvarp til nýrra sóttvarnalaga (þskj. 671, 529. mál á 154. löggjafarþingi) sem kæmu í stað gildandi sóttvarnalaga nr. 19/1997. Þá vísar Persónuvernd til tölvupóstsamskipta stofnunarinnar og velferðarnefndar 9. október 2024 þar sem stofnuninni var veittur viðbótarfrestur til veitingar umsagnar. Vegna mikilla anna Persónuverndar hefur veiting umsagnar dregist um tvo daga umfram þann frest og er beðist velvirðingar á því.

Frumvarpið hefur þrisvar áður verið lagt fyrir Alþingi, fyrst á 152. löggjafarþingi (þskj. 1293, 867. mál), þá á 153. löggjafarþingi (þskj. 671, 529. mál) og því næst á 154. löggjafarþingi (þskj. 232, 231. mál). Persónuvernd gerði í fyrsta skiptið, sbr. umsögn 7. júní 2022, athugasemdir við tiltekin atriði og taldi stofnunin í síðara skiptið, sbr. umsögn 23. febrúar 2023, að nægilega hefði verið brugðist við þessum athugasemdum hvað snerti einstök ákvæði og gerði því ekki athugasemdir við þau.

Hins vegar minnti Persónuvernd á, sbr. 3. kafla umsagnarinnar 2023, að í lögskýringargögnum mætti minna á skyldu sóttvarnalæknis til að gera vinnslusamning, eða eftir atvikum samkomulag um skiptingu ábyrgðar á vinnslu persónuupplýsinga, þegar slík vinnsla færi fram í tengslum við starfsemi sóttvarnalæknis hjá samstarfsaðila hans.

Að auki minnti Persónuvernd á, sbr. 2. kafla umsagnarinnar 2023, að gera bæri mat á áhrifum á persónuvernd vegna þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem lögð var til í frumvarpinu. Hafði það ekki verið gert við framlagningu þess og gerði Persónuvernd athugasemd við það, enda má telja það til vandaðra vinnubragða að þegar við undirbúning lagasetningar sé hugað að mati eins og hér um ræðir.

Þegar frumvarpið var lagt fram í þriðja skiptið var það mjög svo samhljóða þeirri útgáfu sem lögð var fram í annað skiptið. Persónuvernd sá því ekki ástæðu til að fjalla um einstök ákvæði þess. Hins vegar hafði það ekki að geyma umfjöllun um vinnslusamninga eða gerð samkomulags um ábyrgðarskiptingu, né heldur bar það með sér að gert hefði verið mat á áhrifum á persónuvernd. Áréttaði því Persónuvernd þessi atriði í umsögn, dags. 11. apríl 2024, og vísaði jafnframt til nánari umfjöllunar um þau í umsögninni 2023.

Nú þegar frumvarpið er lagt fram hið fjórða sinni á framangreint enn við og eru því umrædd atriði því nú áréttuð að nýju, sem fyrr með vísan til umræddrar umsagnar 2023, en hjálaga er afrit af henni.



Að öðru leyti skal tekið fram að ekki gefst tilefni til athugasemda við einstök ákvæði, en þó má taka fram að það er til bóta að í niðurlagi 1. mgr. 24. gr. frumvarpsins, þar sem fjallað er um sönnun í sóttvarnamálum fyrir dómstólum, sé vísað til undanþágna frá vitnaskyldu samkvæmt 52. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þá skal tekið fram að ef óskað verður umsagnar um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,

  
Þórður Sveinsson

  
Gyða Ragnheiður Bergsdóttir

Hjálagt:

Afrit af umsögn Persónuverndar, dags. 23. febrúar 2023, um þskj. 671 (529. mál) á 153. löggjafarþingi



Alþingi  
Velferðarnefnd

Reykjavík, 23. febrúar 2023  
Tilvísun: 2023020342/E.P.II.

## Efni: Umsögn um frumvarp til sóttvarnalaga

### 1.

#### *Almennt*

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 13. febrúar 2023 um umsögn um frumvarp til sóttvarnalaga (þskj. 671, 529. mál á 153. löggjafarþingi).

Með frumvarpinu er lögð til heildarendurskodun á sóttvarnalögum. Frumvarpið var upphaflega lagt fram á 152. löggjafarþingi (þskj. 715, 498. mál) og fór í gegnum eina umræðu á Alþingi en náði ekki fram að ganga. Persónuvernd barst beiðni velferðarnefndar Alþingis, dags. 19. maí 2022, um umsögn um upphaflegt frumvarp og veitti Persónuvernd umsögn sína, dags. 7. júní s.á. Var frumvarpsdrögum breytt í kjölfar athugasemda Persónuverndar og er nú endurflutt. Í þeim frumvarpsdrögum sem nú liggja fyrir verður hins vegar ekki séð að litið hafi verið til athugasemda stofnunarinnar hvað varðar skyldu til að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd. Umsögn þessari er því ætlað að vera til áréttingar fyrri umsögn og þeim almennu sjónarmiðum sem stofnunin telur þurfa að líta til.

### 2.

#### *Mat á áhrifum á persónuvernd*

Í umsögn Persónuverndar, dags. 7. júní 2022, kom fram það mat stofnunarinnar að skylt væri að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd vegna þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem lögð er til í frumvarpinu. Þá sagði jafnframt að ákjósanlegt væri að það mat væri framkvæmt við undirbúning lagasetningar til að tryggja að vinnsla persónuupplýsinga fullnægði kröfum laga nr. 90/2018 og reglugerðar (ESB) 2016/679. Þá ætti að tilgreina forsendur matsins og niðurstöður þess í lögskýringargögnum.

Af frumvarpsdrögum verur ekki ráðið að framkvæmt hafi verið mat á áhrifum frumvarpsins sem slíks á persónuvernd. Í 6. kafla greinargerðar sem fylgir frumvarpinu er greint frá mati á áhrifum frumvarpsins almennt, verði það að lögum, en ekki er þar minnst á áhrif þess á persónuvernd.

Persónuvernd áréttar að ef líklegt er að tiltekin tegund vinnslu persónuupplýsinga geti haft í för með sér mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga, einkum þar sem beitt er nýrri tækni og með hliðsjón af eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar, skal ábyrgðaraðili láta fara fram mat á áhrifum



fyrirhugaðra vinnsluáðgerða á vernd persónuupplýsinga áður en vinnslan hefst samkvæmt nánari fyrirmælum 35. gr. reglugerðar (E.SB) 2016/679. Þá segir meðal annars í 10. mgr. 35. gr. reglugerðarinnar að ef mat á áhrifum á persónuvernd hefur þegar farið fram, sem hluti af almennu áhrifamati í tengslum við samþykkt laga, sé ekki nauðsynlegt að láta slíkt mat fara fram áður en vinnslustarfsemi hefst.

Persónuvernd bendir einnig á að samkvæmt 2. gr. auglýsingar nr. 828/2019 um skrá yfir vinnsluáðgerðir sem krefjast ávallt mats á áhrifum á persónuvernd, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 90/2018, þarf slíkt mat að fara fram ef vinnsla persónuupplýsinga lýtur að tveimur eða fleiri flokkum tilvika sem tilgreind eru í ákvæðinu. Meðal tilvika sem þar eru nefnd eru vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga eða annarra persónuupplýsinga viðkvæms eðlis og umfangsmikil gagnavinnsla, sbr. 4. og 5. tölul. ákvæðisins.

Að mati Persónuverndar er því ljóst að skylt er að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd vegna þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem lögð er til í frumvarpinu.

3.

#### *Vinnslusamningar*

Í frumvarpsdrögum er gert ráð fyrir að sóttvarnarlæknir geti falið tilteknum aðilum afmörkuð verkefni, svo sem í tengslum við smittrakningu, sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. frumvarpsdraganna. Að mati Persónuverndar væri gagnlegt að áréttu, t.d. í nefndaráli, að við slíkar aðstæður geti þurft að huga að gerð vinnslusamnings eða, etir atvikum, samkomulags um skiptingu ábyrgðar í samræmi við ákvæði 23. og 25. gr. laga nr. 90/2018, sbr. cinnig 26. og 28. gr. reglugerðar (E.SB) 2016/679, og 18. og 20. gr. laga nr. 75/2019.

5.

#### *Meginreglur persónuverndarlaga*

Persónuvernd áréttar einnig mikilvægi þess að við framangreinda vinnslu persónuupplýsinga verði gætt að meginreglum persónuverndarlaga, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 5. gr. reglugerðar (E.SB) 2016/679, og 4. gr. laga nr. 75/2019, um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Sérstaklega er mikilvægt að huga að þeim meginreglum er lúta að lágmarkun gagna, áreiðanleika og varðveislu.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins að svo stöddu. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,

Þórður Sveinsson

Edda Þuríður Hauksdóttir